

FÁSKRÚÐSFJARÐARLÍNA 2

Í FJARÐABYGGÐ

Ákvörðun um mats skyldu

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að lagning Fáskrúðsfjarðarlínu 2 sem jarðstrengs í Fjarðabyggð sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Um verður að ræða rask á afmörkuðu svæði að mestu leyti í nágrenni við núverandi vegi og um gróðurlendi sem er ekki sérstakt eða hefur að geyma sjaldgæfar tegundir. Haft verður samráð við Fiskistofu um aðgerðir til að lágmarka hugsanleg neikvæð áhrif á lífríki Dalsár af lagningu strengsins yfir ána og við Fornleifavernd ríkisins ef að fornleifar finnast við könnun.

Fyrirhuguð framkvæmd er í samræmi við gildandi Aðalskipulag Fjarðabyggðar 2007-2027. Skipulagsstofnun veur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Fjarðabyggðar skv. skipulags- og byggingarlögum og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Austurlands. Þá eru framkvæmdirnar háðar leyfi lax- og silungsveiðisviðs Fiskistofu í samræmi við 33. grein laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði m.s.br. og Orkustofnunar, sbr. 9. og 32. gr. raforkulaga nr. 95/2003. Ennfremur þarf að sækja um leyfi til Vegagerðarinnar fyrir lagningu strengsins á skilgreindu veghelgunarsvæði samkvæmt vegalögum.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að framkvæmdaraðili og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 23. nóvember 2009.

19. október 2009

INNGANGUR

Þann 7. september 2009 tilkynnti Landsnet fyrirhugaðar framkvæmdir við 66 kV jarðstreng, Fáskrúðsfjarðarlínu 2, til Skipulagsstofnunar. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum sbr. lið 3b í 2. viðauka við lög.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar Fjarðabyggðar, Fornleifaverndar ríkisins, Fiskistofu, lax- og silungsveiðisviðs, Heilbrigðiseftirlits Austurlands, Orkustofnunar, Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar.

Umsagnir bárust frá Fjarðabyggð með bréfi dags. 14. október 2009, Fiskistofu, lax- og silungsveiðisviði með bréfi dags. 15. september 2009, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 22. september 2009, Heilbrigðiseftirliti Austurlands með bréfi dags. 17. september 2009, Orkustofnunar með bréfi dags. 1. október 2009, Umhverfisstofnun með bréfi dags. 30. september 2009 og Vegagerðinni með bréfi dags. 28. september 2009. Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með tölvubréfi dags. 5. júní 2009.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Fram kemur í framlögðum gögnum að fyrirhugað sé að leggja 66 kV jarðstreng frá Stuðlum í Reyðarfirði að gangamunna Fáskrúðsfjarðarganga og annan jarðstreng frá gangamunnum Fáskrúðsfjarðarmegin að núverandi loftlínu utan við Dali í Fáskrúðsfirði. Fram kemur að nú þegar hefur verið lagður jarðstrengur um göngin sem sé ótengdur. Reyðarfjarðarmegin verði jarðstrengurinn lagður alls tæplega 5 km leið frá aðveitustöð á Stuðlum meðfram 11 kV jarðstreng Rarik um tún og óræktað land og síðan meðfram Þórdalsheiðar- og Suðurfjarðavegi að munna jarðganganna. Fram kemur að Fáskrúðsfjarðarmegin séu lagðir fram tveir valkostir. Megin munur kostanna sé að valkostur 1 (aðalkostur) þveri Dalsá og sé lengri, alls um 1800 m en liggja að meginhluta meðfram Suðurfjarðarvegi. Samkvæmt framlögðum gögnum er valkostur 1 settur fram sem aðalvalkostur í samráði við landeiganda og vegna þess að tenging við loftlínu er nær aðveitustöð við botn Fáskrúðsfjarðar. Fram kemur að lagning strengsins fari þannig fram að grafin verði 1,5 m djúpur skurður, botn og strengur þaktir sandi og öryggisborði og e.t.v. steypar hellur settar yfir til varnar. Síðan verði settur ljósleiðari í skurðinn og skurðurinn fylltur og merktur. Þar sem jarðstrengsleiðin liggja að verulegu leyti samsíða vegi, eða í grennd við veg, verði slóðagerð með ofaníburði nær engin við jarðstrengslögnina. Fram kemur að efnistaka úr malarnámum verði einhver því að nota þurfi sand eða fíngerða mól til að hylja strenginn en að öðru leyti verði notast við uppgröft úr skurði til uppfyllingar eftir jarðstrengslögnina.

Fram kemur að tilgangur framkvæmdanna sé að koma á varatengingu fyrir núverandi 66 kV háspennuloftlínu, Fáskrúðsfjarðarlínu 1 m.a. vegna jarðskriðs og ísingarhættu á línuleið hennar.

Fram kemur að varðandi áhrif á umhverfið þá liggja strengurinn beggja vegna ganganna um svæði sem sé skilgreint sem landbúnaðarsvæði og einkennist gróðurfar af graslendi. Þá komi jarðstrengurinn til með að liggja um fjarsvæði vatnsverndar en ekki verði um mengun að ræða af völdum strengsins sjálfs en gætt verði fyllstu

varúðar á framkvæmdatíma og muni Landsnet leggja áherslu á að verktakar tryggi að ástand tækja sé gott, og umgengi og viðbrögð við hugsanlegri mengun taki mið af því að hluti framkvæmdar fari fram innan vatnsverndarsvæðis. Fram kemur að fyrirhugaðar framkvæmdir geti haft áhrif á lífríki Dalsár þar sem jarðstrengur verði lagður yfir ána og m.a. raskað seiðabúskap bleikju tímabundið. Haft verði samráð við Fiskistofu um leiðir til þess að halda áhrifunum í lágmarki. Fram kemur að fyrirhugaðar framkvæmdir geti raskað fornleifum en ekki liggi fyrir fornleifaskráning á fyrirhugaðri strengleið. Landsnet muni afla gagna um fornleifar á strengleiðinni áður en ráðist verði í framkvæmdir og upplýsa sveitarfélag og Fornleifavernd ríkisins um niðurstöðuna.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Í umsögnum Fjarðabyggðar, Fiskistofu, Fornleifaverndar ríkisins og Heilbrigðiseftirlits Austurlands, Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar kemur fram að fyrirhuguð framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Umhverfisstofnun tekur undir í umsögn sinni að framkvæmdir samkvæmt valkosti 1 geti haft áhrif á Dalsá á meðan að á framkvæmdinni standi en að ekki verði um umtalsverð umhverfisáhrif að ræða enda verði þessi hluti framkvæmdarinnar unninn í samráði við Fiskistofu. Umhverfisstofnun leggur áherslu á að haft verði samráð við Heilbrigðiseftirlit Austurlands um framkvæmdir innan vatnsverndarsvæðis og bendir einnig á að ávallt beri að haga frágangi þannig að hann falli sem best að landinu.

Fornleifavernd ríkisins minnir á að fá þurfi fornleifafræðing til að skrá fornleifar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði og gera þurfi stofnuninni grein fyrir niðurstöðu skráningarinnar áður en tekin verði endanleg ákvörðun um legu strengsins. Leitast þurfi við að staðsetja strenginn þannig að hann raski ekki fornleifum, en ef ekki verði komist hjá röskun þeirra þurfi framkvæmdaraðili að hlýta þeim skilmálum um mótvægisáðgerðir sem Fornleifavernd ríkisins setji.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða lagningu um 6.5 km 66 kV jarðstrengs frá aðveitustöð að Stuðlum í Reyðarfirði að núverandi 66 kV lofltlínu í grennd við aðveitustöð í botni Fáskrúðsfjarðar. Áður var búið að leggja um 6 km langan jarðstreng um Fáskrúðsfjarðargöng. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. laga sbr. tl. 3b í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun telur að fyrir liggi að lagning jarðstrengsins í grennd við núverandi vegi og að mestu leyti um graslendi geri það að verkum að áhrif á gróður verði ekki veruleg. Rasksvæði er takmarkað að stærð og ekki er um rask að ræða á svæðum eða tegundum sem njóta verndar. Þá liggur fyrir að ekki verða opnaðar nýjar námur og að mestu leyti notast við uppgröft til að fylla að lögninni. Samkvæmt framlögðum gögnum getur jarðstrengslagning haft neikvæð áhrif á lífríki Dalsár en Skipulagsstofnun telur líklegt í ljósi framlagðra gagna að áhrifin verði ekki veruleg og í öllu falli tímabundin. Stofnunin tekur undir fyrirætlanir Landsnets um samráð við Fiskistofu um leiðir til þess að halda hugsanlegum áhrifum á lífríki af lagningu

jarðstrengsins yfir Dalsá í lágmarki. Skipulagsstofnun telur ekki líklegt að fyrirhugaðar framkvæmdir komi til með að hafa neikvæð áhrif á vatnsvernd en tekur undir nauðsyn þeirra vinnubragða sem Landsnet mun leggja áherslu á til að koma í veg fyrir hugsanleg mengunaróhöpp. Þá tekur Skipulagsstofnun undir umsögn Fornleifaverndar ríkisins um fornleifakönnun og skráningu hugsanlegra fornleifa og að stofnuninni verði grein fyrir niðurstöðu skráningarinnar áður en tekin verði endanleg ákvörðun um legu strengsins.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð framkvæmdaraðila vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að lagning Fáskrúðsfjarðarlínu 2 sem jarðstrengs í Fjarðabyggð sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Fyrirhuguð framkvæmd er í samræmi við gildandi Aðalskipulag Fjarðabyggðar 2007-2027. Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Fjarðabyggðar skv. skipulags- og byggingarlögum og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Austurlands. Þá eru framkvæmdirnar háðar leyfi lax- og silungsveiðisviðs Fiskistofu í samræmi við 33. grein laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði m.s.br. og leyfi Orkustofnunar sbr. 9. og 32. gr. raforkulaga nr. 95/2003. Ennfremur þarf að sækja um leyfi til Vegagerðarinnar fyrir lagningu strengsins á skilgreindu veghelgunarsvæði samkvæmt vegalögum.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að framkvæmdaraðili og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 23. nóvember 2009.

Rut Kristinsdóttir

Jakob Gunnarsson

